

**Sp.**

**598. Þingsályktun**

**[134. mál]**

um endurheimt íslenzkra handrita frá Danmörku.

(Afgreidd frá Sp. 31. jan.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að heita sér fyrir því við dönsk stjórnarvöld, að orðið verði sem allra fyrst við itrekuðum kröfum Íslendinga um, að skilað verði aftur hingað til lands íslenzkum handritum, fornum og nýjum, sem borizt hafa héðan til Danmerkur og geymd eru í söfnum þar, svo sem safni Árna Magnússonar. Tekur þetta einnig til þeirra íslenzkra handrita, er konungur landsins hefur fengið héðan fyrr á tímum og enn eru varðveitt í Danmörku.